

Þriðjudaginn 5. apríl 1988.

Nr. 4/1988.

**Kennarasamband Íslands**

(Anna Theódóra Gunnarsdóttir hdl.)

gegn

**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Verkfall. Ólögmat vinnustöðvun. Kennarar. Sératkvæði.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Ragnar H. Hall og Guðríður Þorsteinsdóttir.

Málið, sem tekið var til dóms 30. mars sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri og þingfestri 29. mars sl.

Stefnandi er Kennarasamband Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að lögmætt sé boðað verkfall félagsmanna Kennarasambands Íslands, sem boðað var með bréfi, dags. 25. mars 1988, og hefst hinn 11. apríl 1988.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að ólögmat sé boðað verkfall félagsmanna Kennarasambands Íslands í þjónustu ríkisins, sem boðað var með bréfi til fjármálaráðherra, dagsettu 25. mars 1988, og hefjast skal hinn 11. apríl 1988.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms.

I.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að dagana 16. og 17. mars 1988 hafi farið fram leynileg allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Kennarasambands Íslands um verkfallsboðun. Atkvæðagreiðslan hafi farið fram í öllum þeim skólum, þar sem félagsmenn KÍ starfa, og trúnaðarmönnum á hverjum stað hafi verið sendir kjörseðlar, sem þeir hafi séð um að dreifa til félagsmanna.

Atkvæðagreiðslan hafi verið auglýst í fjölmiðlum svo og í Félags-

blaði BK (3. tbl., mars 1988), sem berst öllum félagsmönnum KÍ.

Atkvæðaseðillinn hafi verið svohljóðandi:

„Afstaða mín til verkfallsboðunar KÍ:

Já, ég veiti KÍ heimild til verkfallsboðunar.

Nei, ég veiti KÍ ekki heimild til verkfallsboðunar.“

Talning atkvæða hafi síðan farið fram á fundi kjörstjórnar að viðstöddum fulltrúa yfirborgarfégeta þann 22. mars 1988. Í fundargerð þessa fundar komi fram, að á kjörskrá var 3361 og að 3040 hafi greitt atkvæði. Með verkfallsboðun voru 1849 og á móti 1022. Auðir seðlar hafi verið 130 og ógildir 39.

Þegar þessi niðurstaða hafi legið fyrir, hafi Jóni Baldvini Hannibalssyni fjármálaráðherra verið tilkynnt með bréfi frá KÍ, dags. 25. mars 1988, að félagsmenn Kennarasambands Íslands hæfu verkfall hinn 11. apríl nk.

Fulltrúi fjármálaráðuneytisins hafi veitt nefndu bréfi viðtöku með eftirfarandi athugasemnd: „Með vísan til viðræðna við fulltrúa KÍ ítrekast hér með, að þar sem boðun verkfalls fór ekki fram lögum samkvæmt, verður það ólöglegt, ef til framkvæmda kemur.

Indriði H. Þorláksson.“

Í kjölfar þessarar yfirlýsingar hafi stjórn KÍ tekið ákvörðun um það að fá staðfest fyrir Félagsdómi lögmati verkfallsboðunar.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sé stefnanda sem stéttarfélagi, sem er samningsaðili skv. lögnum, heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að til verkfalls hafi verið boðað í fullu samræmi við 15. gr. laga nr. 94/1986. Eins og fram komi í málavaxtalýsingu, hafi um 90% atkvæðisbærra félagsmanna KÍ tekið þátt í leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun og meiri hluti þeirra samþykkt að boða til verkfalls. Ljóst sé, að tveimur af meginskilyrðum lagaákvæðisins sé fullnægt. Þá áskilji 15. gr. laga nr. 94/1986 jafnframt, að sérhver félagsmaður samþykki verkfallsboðun. Kjörseðillinn beri yfirskriftina „Afstaða mín til verkfallsboðunar KÍ“, svo að enginn vafi sé á því, að hver og einn félagsmaður sé að taka beina afstöðu til verkfallsboðunarinnar. Orðalagið, „...ég veiti KÍ heimild/ekki heimild til verkfallsboðunar“, verði engan veginn skilið þannig, að þar með sé

kjósandinn að framselja ákvörðunarvald um boðun verkfalls til stjórnar eða trúnaðarmannaráðs. Hér sé aðeins KÍ veitt heimild, en hvorki stjórn þess, trúnaðarmannaráði né öðrum forsvarsaðilum samtakanna til að boða verkfall. KÍ standi einungis fyrir samtök félagsmanna og vísi því fyrst og fremst til félagsmannanna sjálfra, en ekki einstakra valdastofnana innan Kennarasambandsins.

Stefnandi telji því, að orðasambandið: „...ég veiti KÍ heimild/ ekki heimild til verkfallsboðunar“, feli í sér nákvæmlega sömu skýringu og: „...ég samþykki/samþykki ekki verkfallsboðun“. Sá framgangsmáti, sem hér hafi verið viðhafður við verkfallsboðunina, sé því í fullu samræmi við 15. gr. laga nr. 94/1986.

Þó að fulltrúaráð KÍ hafi ákveðið, að leitað yrði heimildar til verkfallsboðunar, hafi því aðeins verið falin sú framkvæmd, að tryggt yrði, að verkfallsboðunin yrði í lögmæltu formi og með lögmæltum fyrirvara. Þessi háttur, sem hafður hafi verið á framkvæmd verkfallsboðunar, hafi þó engan veginn falið í sér framsal til fulltrúaráðs um ákvörðum verkfalls og því í fullu samræmi við 15. gr. laga nr. 94/1986.

Eigi sé tekið fram á atkvæðaseðli, hvenær verkfall skuli hefjast, enda sé enginn áskilnaður gerður um það í nefndu lagaákvæði. Ekki verður heldur séð af orðum greinargerðar með 15. gr. laga nr. 94/1986, að nákvæma tímasetningu eigi að tilgreina á atkvæðaseðli, enda þótt sumir hafi viljað leggja annan skilning í þetta efni.

Í því tilviki, sem hér um ræði, sé þó rétt, að fram komi, að félagsmönnum KÍ svo og öðrum hafi verið ljóst, hvenær til stæði, að verkfall hæfist. Víðar en á einum stað sé tekið fram, að hafi ekki samningar tekist fyrir 25. mars, verði verkfall boðað með löglegum 15 daga fyrirvara að því tilskildu, að samþykki til verkfallsboðunar liggi fyrir. Það hafi því aldrei verið neitt launungarmál, hvenær til stóð að hefja verkfallsaðgerðir.

Um þá málsástæðu stefnda, að atkvæðagreiðslan hafi ekki verið leynileg, segir stefnandi, að hún sé órökstudd með öllu, enda sé ekki tilgreint hjá stefnda, að hvaða leyti atkvæðagreiðslan hafi ekki verið leynileg. Sambærileg atkvæðagreiðsla hafi heldur aldrei verið vefengd af þessum ástæðum. Framlögð gögn í máli þessu sýni, hvernig framkvæmd hennar hafi verið, og engin athugasemd hafi komið fram um þessa framkvæmd. Illframkvæmanlegt sé að beita

hinum ströngu lögum um alþingiskosningar um atkvæðagreiðslu sem þessa, þar sem félagsmenn séu á fjórða þúsund, dreifðir um allt land, og hafi þarna verið farin leið, sem þekkt sé og viðurkennd í ýmsum félögum.

## II.

Stefndi kveður málavexti óumdeilda og vísar til málavaxtalýsingar stefnanda og framlagðra dómskjala.

Stefndi kveður málsástæður sínar og lagarök vera þau, að tvenns konar annmarkar hafi verið á framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun meðal félagsmanna stefnanda, sem leiði til þess, að verkfallsboðunin sé ólögmat.

1) Fyrir félagsmenn stefnanda hafi verið lögð sú spurning, hvort þeir veiti heimild til verkfallsboðunar, en það sé andstætt 15. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

2) Samkvæmt 15. gr. laganna skuli atkvæðagreiðsla vera leynileg, en í ljós er leitt í máli þessu, að sú kosning, sem fram fór um heimildina til verkfallsboðunar, hafi ekki verið leynileg.

Um 1) Samkvæmt 15. gr. laga nr. 94/1986 sé hinum almennu félagsmönnum í stéttarfélögum opinberra starfsmanna hverjum og einum ætlað sjálfum að taka ákvörðun um boðun vinnustöðvunar og bera þannig ábyrgð á henni. Það ákvörðunarvald verði ekki í atkvæðagreiðslu framselt öðrum, s.s. stjórn, trúnaðarmannaráði eða öðrum valdastofnunum einstakra félaga.

Af sóknargögnum megi ráða, að um þetta sé í raun ekki ágreiningur milli aðila málsins. Sóknaraðili haldi því hins vegar fram, að ekkert slíkt framsal hafi átt sér stað í umræddri atkvæðagreiðslu. Þar greini aðila á. Hér sé á því byggt, að slíkt framsal valds til ákvörðunar um vinnustöðvun hafi átt sér stað í margnefndri atkvæðagreiðslu og að slíkt fái ekki staðist.

Í stefnu sé atkvæðagreiðslan skýrð svo, að með henni hafi almennir félagsmenn sjálfir tekið ákvörðun um verkfallsboðun. Þessi síðbúna skýring sé í andstöðu við fyrri orð og yfirlýsingar fyrirvarsmanna KÍ, sbr. önnur gögn málsins.

Ákvörðun um boðun verkfalls, sbr. orðalag lagagreinarinnar, feli í sér ákvörðun um tvennt, hvort vinna skuli lögð niður og hvenær. Það að samþykkja heimild til vinnustöðvunar sé ekki hið sama og að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Á tímasetningu sé ekki minnst í þeirri spurningu, sem borin var undir félagsmenn KÍ í

nefndri atkvæðagreiðslu. Þannig uppfylli sú atkvæðagreiðsla, sem fram fór, hvorugt þessara skilyrða.

Samkvæmt framansögðu sé óheimilt að lögum að framselja ákvörðunarvald um verkfallsboðun til stjórnar og/eða trúnaðarmannaráðs, svo sem gert hafi verið í þessu tilviki. Önnur félög opinberra starfsmanna, sem lög 94/1986 taka til, hafi í reynd fallist á þennan skilning.

Um 2) 15. gr. laga 94/1986 mæli fyrir um leynilega kosningu. Í stefnu sé lýst, hverja meðhöndlun atkvæðaseðlar hlutu, frá því að þeir voru sendir út, þar til þeim var skilað í kjörkassa aftur. Sú framkvæmd sé ekki með þeim hætti, að kosning teljist uppfylla þau lagafyrirmæli að vera leynileg, og fari því í raun víðsfjarri. Um framkvæmd kosninga að þessu leyti vísist til laga nr. 52/1959 með síðari breytingum.

Einnig að þessu leyti séu annmarkar á framkvæmd margnefndrar atkvæðagreiðslu, sem valdi því, að verkfallsboðun KÍ teljist ólögmet, þótt ekki kæmi annað til.

### III.

Mál þetta sætir úrlausn Félagsdóms samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 15. gr. sömu laga er það skilyrði lögmætrar verkfallsboðunar, að leynileg atkvæðagreiðsla hafi farið fram í viðkomandi stéttarfélagi um sjálfa verkfallsboðunina. Félagsmönnum stéttarfélags, sem lög þessi taka til, er því óheimilt að framselja vald til verkfallsboðunar.

Orðalag atkvæðaseðilsins ber með sér, að sú atkvæðagreiðsla, sem fram fór meðal félagsmanna stefnanda 16. og 17. mars 1988 og um er deilt í máli þessu, var ekki atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls, sem hefjast skyldi á tilteknum tíma. Þess í stað fjallaði atkvæðagreiðslan um veitingu heimildar til að boða verkfall. Þegar af þessari ástæðu er verkfall kennara í þjónustu ríkisins, sem stefnandi hefur boðað á grundvelli fyrrgreindrar atkvæðagreiðslu og á að hefjast 11. apríl 1988, ólögmett.

Eftir þessum úrslitum og þar sem Félagsdómur hefur í dómi, upp kveðnum 22. maí 1987, tekið sömu afstöðu til hliðstæðrar verkfallsboðunar, þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 50.000,00.

## D ó m s o r ð:

Verkfall félagsmanna Kennarasambands Íslands í þjónustu ríkisins, sem boðað var með bréfi til fjármálaráðherra, dagsettu 25. mars 1988, og hefjast skyldi hinn 11. apríl 1988, er ólöglegt.

Stefnandi, Kennarasamband Íslands, greiði stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 50.000,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

## S é r a t k v æ ð i

## Guðríðar Þorsteinsdóttur.

Ég er samþykk atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að ég tel rétt eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

---